

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/783**  
**komudagur 8.2.2006**

**LANDSSAMBAND**  
smábátæigenda



**Til sjávarútvegsnefndar Alþingis**

7. febrúar 2006


Efni: Umsögn um 382. mál.  
„Frumvarp til laga um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins“.

Landssamband smábátæigenda gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

LS telur að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í að efla hafrannsóknir enn frekar. Auk þess mun samþykkt frumvarpsins opna leið fyrir áhugasama sjálfstætt starfandi vísindamenn og aðra sem búa yfir þekkingu á lífríki sjávar að koma þekkingu sinni á framfæri. Það er skoðun LS að það frumkvæði sem frumvarpið gerir þarna ráð fyrir geti, ef vel tekst til, opnað fyrir ferska strauma í hafrannsóknnum.

**Virðingarfyllt**

f.h. Landssambands smábátæigenda

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Ps. Þar sem hér er fjallað um fv. sjóði Þróunarsjóðs fylgir afrit af umsögn LS um frá 23.2.2005 hér með.



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis


23. febrúar 2005

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).  
Frumvarp til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.  
Mál nr. 387.

Vakin er athygli á að milli árunna 2002 og 2003 á sér stað mikill viðsnúningur í rekstri sjóðsins. Eigið fé hækkar um 800 milljónir. Gera má ráð fyrir að svipuð þróun hafi átt sér stað á síðasta ári eða þar til greiðslu var hætt 1. september sl. LS telur rétt að frumvarpinu fylgi nákvæmari greinargerð þar sem upplýst er staða sjóðsins í dag en ekki byggt stöðu eins og hún var fyrir rúmu ári. LS álfur að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða því nauðsynlegt að vanda betur til verka.

LS er sammála því að leggja sjóðinn af 1. júlí 2005 en treystir sér ekki til að segja til um hvernig eigið fé hans verður varið fyrr en fyrir liggur hver sú upphæð er.

Virðingarfyllst,

  
Órn Pálsson framkvæmdastjóri